

Þvagleggur settur í gegnum kviðvegg í deyfingu

Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu í blöðruspeglun.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Hætta þarf að taka blóðþynningarlyf, önnur en magnýl og hjartamagnýl fyrir aðgerðina, og er það gert í samráði við lækni sem framkvæmir aðgerðina.

Aðgerðardagur

Fara þarf í sturtu áður en komið er á spítalann. Karlmenn þurfa að þvo vandlega undir forhúð. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna.

Mæting er á göngudeild þvagfæra 11A á Landspítala við Hringbraut.

Framkvæmd

Þvagrásaropið er þvegið og deyft með kremi. Farið er með speglunartæki upp þvagrás og inn í þvagblöðru. Húð á kvið er sótthreinsuð og skurðsvæði deyft. Gerður er lítill skurður fyrir ofan líffbein þar sem þvaglegg er stungið inn í þvagblöðru. Aðgerðin tekur um 30 mínútur.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Eftirmeðferð

Nauðsynlegt er að drekka um 1,5-2 lítra á sólarhring.

Umbúðir

Skipta þarf um umbúðir sólahring eftir aðgerð og síðan eftir þörfum. Þegar sár er gróið þarf ekki umbúðir.

Skipti á þvagpoka og þvaglegg

Heimahjúkrun sér yfirleitt um skipti á þvagpoka og þvaglegg. Fyrstu þvagleggsskipti fara fram á 11A sex vikum eftir aðgerð. Ef einstaklingur er á sjúkrahósti utan Landspítala er séð um skiptingar þar.

- Skipta þarf um þvaglegg á þriggja mánaða fresti.
- Skipta þarf um þvagpoka á þriggja vikna fresti, eða oftár ef þurfa þykir.

Hjálpartæki

Hjúkrunarfræðingur sér um að senda beiðni til heimahjúkrunar fyrir skipti á þvagpoka og þvaglegg. Hann sendir einnig beiðni til Sjúkratrygginga fyrir þvagleggjum, þvagpokum, festibúnaði og umbúðum.

Hreinlæti og umhirða þvagleggs

- Fara má í sturtu en ekki baðkar, sund eða heitan pott.
- Þvagpoka þarf að tæma reglulega.
- Þvo hendur fyrir og eftir hverja losun úr þvagpokanum.
- Þvagpokinn er festur á lærið eða fótlegginn. Til að tæma þvagpokann er lokan á enda hans opnuð og þvagið látið renna í salerni.
- Nauðsynlegt er að tæma þvagpoka fyrir svefn. Gott er að losa um böndin sem halda pokanum á fótlegg eða læri fyrir nóttina. Böndin eru með frönskum rennilás og þola þvott.
- Til að koma í veg fyrir tog á þvaglegg þarf að gæta þess að hafa slaka á honum og festa hann vel með plástri á kvið.

Algengasta ástæða fyrir því að þvag rennur ekki í þvagpokann er að það er brot eða klemma á slöngu.

Einkenni sem geta komið fram

- Þvaglátatilfinning sem getur stafað af ertingu vegna þvagleggs.
- Krampi í þvagblöðru sem yfirleitt hverfur fljótlega.
- Þvagleki meðfram þvaglegg en þá þarf að athuga hvort brot sé á þvaglegg eða slöngu.
- Búast má við blóðlituðu þvagi fyrstu dagana og er það eðlilegt.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku ef:

- Líkamshiti verður hærri en 38,5°C.
- Þvagið er gruggugt eða illa lyktandi.
- Roði og hiti er á húð í kringum þvaglegg.
- Verkur undan þvaglegg eða yfir blöðrustað minnkar ekki við verkjalyf.
- Blóð er í þvagi.
- Leki er meðfram slöngu eða ekkert kemur í poka í 2-3 klst.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Utan dagvinnutíma má leita á bráðamóttöku í Fossvogi ef upp koma vandamál.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.